

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs prófessors dr. phil. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.

Í samræmi við erfðaskrá dr. phil. Guðjóns Samúelssonar dags. 8. desember 1948, stofnar Arkitektafélag Íslands sjóð með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður prófessors dr. phil. húsameistara Guðjóns Samúelssonar.“

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2/3 hluti húseignarinnar nr. 35 við Skólavörðustíg, Reykjavík. Húseignina skal selja og andvirði hennar teljast til stofnfjár, sem skal ávaxtast með tryggum hætti hvað verðgildi snertir.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafir til sjóðsins skal leggja við stofnfé.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

Að útbreiða þekkingu á húsagerðarlist í íslenskum anda. Skal því markmiði náð með styrkjum og viðurkenningum samkvæmt nánari reglum er sjóðsstjórn setur. Stefnt skal að úthlutun styrkja og veitingu viðurkenninga annað hvert ár.

5. gr.

Af tekjum sjóðsins skulu 3/4 hlutar ganga til styrkveitinga og annarra atriða skv. 4. gr., en 1/4 hluti tekna skal leggjast við stofnfé, sem ekki má skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn: Formaður Arkitektafélags Íslands, þrír kosnir af aðalfundi þess og einn tilnefndur af Bandalagi íslenskra listamanna. Enginn skal sitja lengur í stjórn sjóðsins en 6 ár. Formaður Arkitektafélags Íslands skal ávallt vera fyrirsvarsmaður sjóðsins. Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma skipar stjórn Arkitektafélags Íslands stjórnarmenn.

7. gr.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum stjórnar. Til breytinga á skrá þessari þarf samþykki 4 stjórnarmanna auk samþykkis stjórnar Arkitektafélags Íslands.

8. gr.

Sjóðsstjórn semur reikninga sjóðsins árlega, og skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda Ríkisendurskoðun reikninga sjóðsins fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári. Skýrsla sjóðsstjórnar skal einnig lögð fyrir aðalfund Arkitektafélags Íslands, auk reikninga sem skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum félagsins.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður og starfsemi hans hætt skulu eignir hans renna til Arkitektafélags Íslands.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Í stjórn Arkitektafélags Íslands,
Sigurður Harðarsson, formaður.

Jón Ólafur Ólafsson.

Sigríður Sigþórsdóttir.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. apríl 1991.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.

25. mars 1991

Nr. 171

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási, Biskupstungum.

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Vatn til heimilisnota (kranavatn) má ekki nota til upphitunar af neinu tagi. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemmri tíma en 2 mánuði samfelldt og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skyld er notanda að tilkynna hitaveitustjóra breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingu.

5. gr.

Gjöld fyrir að dreifa heita vatninu eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar kr. 131,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.